HEKLAN | ATVINNUÞRÓUNARFÉLAG SUÐURNESJA

Sóknaráætlun Suðurnesja

Samstarfsvettvangur námsráðgjafa í grunnskólum á Suðurnesjum 2013

Verkefni 2.1.3

Dagný Gísladóttir
verkefnastjóri
Heklan, atvinnuþróunarfélag Suðurnesja

Efnisyfirlit

Verkefnalýsing 3
Helstu niðurstöður 3
Framkvæmd 4
Efling menntunar á Suðurnesjum 4
Fundir 4
Að finna og styðja nemendur í brotthvarfshættu 5
Ársskýrslur náms- og starfsráðgjafa 6
SVÓT greining 6
Að lokum 7
FYLGIGÖGN 8
SVÓT greining 8
Fundargerðir 8
Ársskýrslur grunnskóla á Suðurnesjum 8
Að finna og styðja við nemendur í brotthvarfshættu – Kristjana Stella Blöndal 8

Verkefnalýsing

Verkefnið er liður í Sóknaráætlun Suðurnesja 2013 og varð til í framhaldi af stöðugreiningu sem unnin var af fulltrúum Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum og Heklunni, atvinnuþróunarfélagi Suðurnesja.

Í verkefninu felst að koma á reglubundnum samráðsvettvangi námsráðgjafa í grunnskólum á Suðurnesjum með það að markmiðið að efla samstarf þeirra um skapandi lausnir á vandamálum nemenda og með sérstaka áherslu á að minnka brottfall úr framhaldsskóla. Þetta verkefni tengist öðrum verkefnum sóknaráætlunar um greiningu og eflingu á samstarfi skóla og tengist því verkefni 20/20 áætlunar ríkisstjórnarinnar að hlutfall Íslendinga á aldrinum 25-64 ára sem ekki hafa formlega framhaldsmenntun fari úr 30% niður í 10% árið 2020.

Markmið

Að efla námsráðgjöf á Suðurnesjum og minnka brottfall úr framhaldsskóla.

Árangursmælikvarðar

Komið sé á formlegt samstarf, fundir séu haldnir a.m.k. mánaðarlega og að fyrirsjáanlegt framhald sé á því og gagnsemi vinnunnar.

- Ábyrgðaraðili SSS
- Framkvæmdaaðili Heklan
  - Verkefnastjóri Dagný Gísladóttir
- Samstarfsaðilar Menntastofnanir á Suðurnesjum

Helstu niðurstöður

- Móta þarf heildstæða stefnu í náms- og starfsráðgjöf fyrir svæðið
  - Eftir hvaða markmiðum er unnið?
  - Samræmt verklag (starfshlutfall)
  - Hvernig er árangur mældur?
- Efla þarf samstarf námráðgjafa, bæði á grunnskólastigi og milli skólastiga.
- Brotthvarf hefst ekki í framhaldsskóla heldur í grunnskóla og þar þarf að bregðast við
  - Til þess að svo megi vera þarf að efla samstarf milli grunnskóla og FS og fá meiri upplýsingar um þessa nemendur
  - Skoða möguleikann á skimun í 8. – 9. bekk grunnskóla
- Skortur á sálfræðiþjónustu eykur álag á námsráðgjafa
- Efla þarf verknám og kynna það betur
  - Auka fjölbreytni náms svo allir finni eitthvað við sitt hæfi
- Breyta þarf kennsluháttum og auka virkni nemenda
- Kynna þarf betur hlutverk og þjónustu námsráðgjafa fyrir foreldrum
  - Efla foreldra því þeir eru mikilvægur hlekkur

Framkvæmd

Náms- og starfsráðgjafar grunnskóla á Suðurnesjum voru boðaðir til fundar og óskað var eftir þátttöku þeirra í verkefninu.
Verkefnið var kynnt öllum skólastjórum á Suðurnesjum.
Einnig voru boðaðir á fundi náms- og starfsráðgjafar Fjölbrautaskóla Suðurnesja og Keilis.

Efling menntunar á Suðurnesjum

Verkefnastjóri fundaði í upphafi með Hönnu Maríu Kristjánsdóttir fyrrverandi verkefnastjóra Menntamálaráðuneytis um eflingu menntunar á Suðurnesjum.

Að hennar mati er mikilvægt að tengja saman grunnskóla og Fjölbrautaskóla Suðurnesja og séu námsráðgjafar grunnskólanna í raun sölumenn FS. Nú þegar sé samstarf til staðar þar sem námsframboð er kynnt en það mætti vera meira. Námsráðgjafar gætu fylgt nemendum betur eftir eftir að þeir fara í framhaldsskólann en grunnskólar fá í dag ekki upplýsingar um brotthvarf í framhaldsskólum. Þá væri mikilvægt að hafa í huga að brotthvarf hefst ekki við 16 ára aldur heldur fyrr, í 8 – 9. bekk.
Það er ekki samræmi í starfshlutfalli námsráðgjafa í grunnskólum miðað við fjölda nemenda og mismunandi erfiðleikastig skóla. Þá eru áherslur og framkvæmd misjöfn. Það er réttur nemenda að fá samskonar fræðslu og því er mikilvægt að hún sé samræmd.
Setja þarf upp teymi fagaðila; lögregla, félagsþjónusta, skólamálayfirvöld og foreldra þar sem fylgst væri með og gripið inní.

Fundir

Hópurinn hélt samtals sex fundi á tímabilinu júní – mars 2014. Einnig var fundað sérstaklega með Sigríði Bíldal sem veitti hópnum forstöðu.

Þátttakendur:

Akurskóli	Lovísa Hafsteinsdóttir
Grunnskólinn í Grindavík	Guðrún Inga Bragadóttir
Heiðarskóli	Steinunn Snorradóttir
Holtaskóli	Sigríður Bíldal
Gerðaskóli	Laufey Erlendsdóttir
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Sunna Gunnarsdóttir
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Elín Rut Ólafsdóttir
Njarðvíkurskóli	Guðjón Sigurbjörnsson
Sandgerðisskóli	Ragnheiður L. Guðmundsdóttir
Stóru Vogaskóli	Jón Ingi Baldvinsson
Myllubakkaskóli	Erna Arnmundsdóttir/Þorvarður Guðmundsson

Aðrir:
Hanna María Kristjánsdóttir
Kristján Ásmundsson

Skúli Freyr Brynjólfsson Keilir
Þóra Kristín Snjólfsdóttir Keilir

Að finna og styðja nemendur í brotthvarfshættu

Skimun í framhaldsskólum

Kristjana Stella Blöndal lektor í náms- og starfsráðgjöf við HÍ kynnti fyrir hópnum framkvæmd skimunar sem lögð var fyrir valda framhaldsskóla þ.a.m. Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Skimunin er byggð af norskri fyrirmynd en markmið hennar er að betrumbæta námsumhverfi og styðja við nemendann.

Rannsóknir hafa sýnt að skuldbinding nemenda er stór þáttur í brotthvarfi. Virkni í skólasamfélaginu er mikilvæg, bæði í námi og félagsstarfi og hugsanlega þarf að huga enn betur að félagslega þættinum fremur en þeim námslega. Því fyrr sem við grípum inn í þetta ferli – því meiri ávinningur.

Íslenskir nemendur kvarta mest undan námsleiða og áhugaleysi. Spyrja má: hvað er það í umhverfinu sem hefur áhrif?
Kristjana nefndi að hugsanlega þyrfti að skoða breytta kennsluhætti til að auka virkni nemenda en einnig þyrfti að auka flæði milli skólastiga.
Huga þarf betur að náms- og starfsvali nemenda. Margir fara í bóknám bara til að fylgja strumnum en sókn í bóknám hefur aukist mikið undanfarin ár (úr 70 – 88%).
Jákvætt tilfinningalegt samband við foreldra skiptir miklu máli. Mikilvægt er að foreldrar ræði við börn sín heima en fram kom að margir nemendur þekkja ekki menntun eða bakgrunn foreldra sinna.

Verið er að skoða samanburð milli skóla en niðurstöður eru í dag ekki greindar eftir skólum heldur er verið að horfa á einstaka nemendur og stöðu þeirra. Náms- og starfsráðgjafar fylgja skimuninni eftir með viðtölum þar sem unnið er með nemendur.

Ekki er boðið upp á slíka skimun í dag sem væri áhugavert því vitað er að brotthvarf hefst ekki í framhaldsskólum. Samband sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu er að skoða slíka skimun og hugsanlega gætu sveitarfélög á Suðurnesjum farið inn í slíkt samstarf.

Möguleiki er að auka upplýsingaflæði milli FS og grunnskólanna með því að gefa upplýsingar um þá helstu þætti í skimun sem skera sig úr en þannig gætu grunnskólar fengið vísbendingar um þá þætti sem helst ætti að styrkja. Einnig gætu grunnskólar veitt FS upplýsingar um stöðu nemenda sem framhaldsskólinn hefur ekki aðgang að.

Ársskýrslur náms- og starfsráðgjafa

Náms- og starfsráðgjafar sendu inn ársskýrslu fyrir starfsárið 2012 – 2013 sem er í viðhengi.

SVÓT greining

Hópurinn vann SVÓT greiningu fyrir náms- og starfsráðgjöf á Suðurnesjum og var kosið um þrjár mikilvægustu niðurstöður í hverjum flokki og voru þær merktar sérstaklega.

Styrkleikar Fjölbreytt námsúrval í FS, Keili, Fisktækni, MSS Námsráðgjöf aðgengileg öllum Samstarf skólastiga, samvinna kennara	**Veikleikar** Vantar sameiginlega stefnu fyrir svæðið – samræming Vantar markvissa náms- og starfsfræðslu Skortur á sálfræðiþjónustu – meira álag á námsráðgjafa
Ógnanir Andleg vanlíðan Fjárnám (verknám dýrt) Nám með vinnu	**Tækifæri** Samstarf námsráðgjafa á Suðurnesjum – reglulegir fundir/faglegur stuðningur Breytingar á kennsluháttum Sérstök kynning á verkgreinum

Eins og sjá má er brýnast að móta heildstæða sýn fyrir námsráðgjöf þannig að allir nemendur sitji við sama borð og fái sambærilega þjónustu. Stöðuhlutfall námsráðgjafa er breytilegt eftir skólum og eins er misjafnt eftir hvaða áherslum og viðmiðunum er unnið. Með því að skýra og samræma markmið náms- og starfsráðgjafar er m.a. betra að mæla árangur því þá er hægt að gera samanburð milli skóla sem og sveitarfélaga.
Skortur á sálfræðiþjónustu hefur í för með sér aukið álag á náms- og starfsráðgjafa sem upplifa sig oft í hlutverki sálfræðings. Þetta kemur í veg fyrir að þeir geti sinnt þeirri þjónustu við nemendur sem þeim er ætlað.
Styrkleikar svæðisins felast í fjölbreyttu námsúrvali í framhaldsskólum en of mikil áhersla er enn á bóknám og þarf að efla enn frekar fræðslu um verknám og aðra möguleika. Til þess að svo megi vera þarf líka að koma á samstarfi við atvinnulíf en þáttur þeirra er mikilvægur s.s. í starfskynningum og vegna nema sem þurfa að komast á samning. Í dag reynist erfitt að fá fyrirtæki til samstarfs vegna starfskynninga.
Samstarf skólastiga og samvinna kennara er góð en hana má bæta. Þá hafa allir aðgang að námsráðgjöf sem er jákvætt.
Andleg vanlíðan er stór áhrifaþáttur í brotthvarfi sem og nám með vinnu.
Tækifæri felst í auknu samstarfi námsráðgafa á Suðurnesjum sem gætu notið faglegs stuðnings á reglulegum samstarfsfundum. Þá þarf að horfa til þess að breyta kennsluháttum

svo námið henti nemendum betur og áhrifaríkt gæti verið að halda árlega sérstaka kynningu á verkgreinum.

Að lokum

Hópurinn var mjög ánægður með samráðsfundina og stefnir að því að halda þeim áfram. Það er ljóst að slíkur samráðsverkefnur veitir stuðning í starfi og eflir upplýsingagjöf og hver veit hvaða verkefni verða til í framhaldi.
Heklan, atvinnuþróunarfélag Suðurnesja hefur boðið þeim fundaraðstöðu í Eldey frumkvöðlasetri í framtíðinni og leggur jafnframt til veitingar á fundum.
Verkefnið tengist öðru verkefni Sóknaráætlunar Suðurnesja sem er samstarf menntastofnana en það vinnur nú að eftirfylgd verkefna sem m.a. snúa að námsráðgjöf. Þá er það vonandi að hægt verði að vinna áfram með þau úrlausnarverkefni sem hópurinn lagði áherslu á í vinnu sinni.

FYLGIGÖGN

SVÓT greining

Fundargerðir

Ársskýrslur grunnskóla á Suðurnesjum

Að finna og styðja við nemendur í brotthvarfshættu – Kristjana Stella Blöndal

Efling námsráðgjafar á Suðurnesjum
SVÓT greining 29.10.2013

Eftirfarandi SVÓT greining var unnin af námsráðgjöfum í vinnuhópnum. Kosið var um þrjár mikilvægustu niðurstöður í hverjum flokki og eru þær merktar sérstaklega.

STYRKLEIKAR • **Fjölbreytt námsúrval í FS, Keili, Fisktækni, MSS – styrkleikar svæðis** • **Námsráðgjöf opin öllum** • **Samstarf skólastiga, samvinna kennara** • Starfandi námsráðgjafar í öllum skólum – stöðugildi að aukast • Nærsamfélag styður samvinnu m.a. vegna smæðar, gott tengslanet og tengsl við framhaldsskóla • Jákvætt viðhorf til starfsins (hjá nemendum, kennurum, foreldrum). Menn sammála um þörfina • Námsráðgjöf bundin í lögum • Við hjálpum nemendum að finna nám við hæfi • Námsráðgjöf er góður stuðningur f. margt (félagslega og námslega) • Gott samstarf við kennara • Kynningar FS fyrir grunnskóla, opið hús og heimsóknir í 9. – 10. Bekk • Jákvætt viðhorf foreldra	**VEIKLEIKAR** • **Vantar sameiginlega stefnu fyrir svæðið – samræming** • **Vantar markvissa náms- og starfsfræðslu** • **Skortur á sálfræðiþjónustu – meira álag á námsráðgjafa** • Erum einyrkjar • Viðhorf foreldra • Vantar meiri samvinnu á Suðurnesjum – á svæðinu öllu • Lögverndað starfsheiti? (oft ekki farið eftir því) • Er nóg að hafa einn námsráðgjafa í hverjum skóla? – stöðugildi. • Vantar skýrari starfslýsingu – oft ruslakista • Starfið ekki nógu vel kynnt • Takmarkaðar uppl. frá framhaldsskólum á netinu/uppfært • Það vantar uppl. um þörfina
ÓGNANIR • **Andleg vanlíðan** • **Fjármagn (verknám dýrt)** • **Nám með vinnu** • Dræm skólasókn • Breytingar á kennsluháttum/öðruvísi umhverfi og aðrar áskoranir • Viðhorf til lesturs, lestrarkunnátta • Erfitt að komast á samning í iðnámi • Grunnskólar of bóknámsmiðaðir	**TÆKIFÆRI** • **Samstarf námsráðgjafa á Suðurnesjum – reglulegir fundir/faglegur stuðningur** • **Breytingar á kennsluháttum** • **Sérstök kynning á verkgreinum** • Viðhorf foreldra jákvæðara • Samstarf ólíkra aðila – milli skólastiga • Styttri námsbrautir • Fjölbreyttur vinnumarkaður • Meiri tenging við MSS – úrræði fyrir þá sem hætta námi • Aukið samstarf við foreldra • Endurskoða samningskerfið – úrelt kerfi

	• Afreks“nám“

Annað
„Það er brottfall úr grunnskóla“
„foreldrar eru of meðvirkir“
„Ég ætla bara að einbeita mér að knattspyrnuvellinum“ - 17. ára nemandi sem tilkynnti að hann ætlaði að hætta í námi.
Dræm skólasókn: þar er fylgni v/brottfalls og skoða má fyrirbyggjandi aðgerðir. Samstarf við hjúkrunarfræðing, foreldra og fleiri?

Hvaða störf eru vinsæl hjá krökkunum í dag? Hvaðan koma fyrirmyndirnar?

- Iðnaðarstörf
- Lögfræði
- Sálfræði
- Hestafræði
- Matreiðsla
- Flugvirkjun
- Hljóðnám
- Forritarar
- Box og afreksíþróttir

Hvernig mælum við árangur?

- Brottfall úr framhaldsskólum (engin ein ástæða)
- Innra mat
- Minnka brottfall í 9. Bekk?

Það er ekki starfskynning í öllum grunnskólum.

Fundur 24. maí 2013
Hanna María Kristjándsóttir fyrr. verkefnastjóri menntamálaráðuneytis

Efni: Efling námsráðgjafar á Suðurnesjum og starfsgreinakynning

Starfsgreinakynning
Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar er komin með helstu gögn nema excelskjal og veggspjöld. Hanna mun senda það á verkefnastjóra sem kemur því áleiðis.

Hanna lagði áherslu á að halda kynninguna áfram fyrir tvo árganga en miða e.t.v. við 7. og 10. bekk. 2012 var 700 nemendum boðið á starfsgreinakynninguna. Það voru grunnskólanemendur en einnig nemendur í lífsleikni í Fjölbrautaskóla Suðurnesja, Fjölsmiðjan og Samvinna.

Efling námsráðgjafar
Mikilvægt að tengja saman grunnskóla og Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Námsráðgjafar grunnskólanna eru í raun sölumenn FS.

Nú þegar er samstarf, námsframboð er kynnt en samstarf má vera meira. Hafa góða tengingu þarna á milli.

Námsráðgjafar mættu kanna eftir fyrsta ár nemenda í fjölbraut hvað það er sem þau eru að gera – hafa eftirfylgd. Grunnskólar fá ekki uppl. um brottfall í framhaldsskólum.

Starfsnám hefur gefist vel en það eru gallar – þeir sem vildu ekki mæta í skólann en gekk vel í öðru urðu að hætta.

Brottfall byrjar ekki við 16 ára aldur heldur í 8 – 9. Bekk.

Það vantar miðlægt náms- og starfsfræðslu þar sem haldið er utan um upplýsingar, gerðar kannanir og eftirfylgd.

Það er ekki samræmi í starfshlutfalli námsráðgjafa í grunnskólum og fjölda nemenda (og mismunandi erfiðleika skóla):

Hvernig eru áhugasviðspróf gerð, og hvenær?

Hvað segir námsáætlun um námsráðgjöf? Er þetta samræmt?

Það er réttur nemenda að fá samskonar fræðslu.

Ráðuneyti – Kristjana Stella Blöndal heldur utan um brottfall. Þar eru geiningartæki, próf.

Gerð var könnun hjá fyrsta árs nemendum FS í haust – fá uppl.

Forvarnir þurfa að fara fram í grunnskólunum.

Samkvæmt rannsóknum eru helstu ástæður brottfalls kvíði og þunglyndi og skortur á fjármagni. Setja þarf upp teymi fagaðila: lögregla, félagsþjónusta, skólamálayfirvöld, foreldra þar sem fylgst er með og gripið inn í. Var reynt í Garðabæ.

Suðurnes eru næst lægst þegar kemur að brottfalli framhaldsskóla. Vorum lægst. Vestfirðir eru fyrir neðan okkur.

Grunnskólar: fylgjast með dreifingu í framhaldsskóla, námssvali og brottfalli. Gera könnun.

Sóknaráætlun á Suðurnesjum 2013 – Efling námsráðgjafar

Fundur 13. Júní 2013

Mætt: Sesselja Bogadóttir, Steinunn Snorradóttir og Sigríður Bíldal.

Farið var yfir helstu verkefni og mögulegar áherslur á fundum sem hefjast í ágúst

- Nýleg könnun meðal nemenda FS sýnir að þeir eru ekki meðvitaðir um menntun foreldra sinna
- Hugsanlega þyrfti markaðssetning FS að vera meiri á svæðinu, mikið að koma frá öðrum skólum
- Foreldrar sleppa oft hendinni af börnunum fyrsta árið í framhaldsskóla – hefur kannski áhrif á brottfall
- Það vantar meiri stuðning við heimanám, líka til foreldra - og betri skilgreiningu á markmiðum þess
- Náms- og starfsfræðsla er áhugaverður fókus

Sett verður upp dropbox mappa fyrir helstu gögn.

Stefnt er að fundi með Kristjönu Stellu og fulltrúa FFGÍR í ágúst.

Fyrsti fundur námsráðgjafa á Suðurnesjum verður 19. ágúst kl. 14:00.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Sóknaráætlun 2013 – Efling námsráðgjafar á Suðurnesjum
Fundur 19.8.2013

Mætt: Sigríður Bíldal Reykjanesbær, Guðrún Inga Bragadóttir Grindavík, Ragnhildur L.

Guðmundsdóttir Sandgerði, Laufey Erlendsdóttir Gerðaskóla, Steinunn Snorradóttir Heiðarskóla og Dagný Gísladóttir verkefnastjóri sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Lovísa Hafsteinsdóttir Akurskóli, Ásta Arnmundsdóttir Myllubakkaskóli, Elín Rut Ólafsdóttir FS, Guðjón Sigbjörnsson Njarðvíkurskóli og Jón Vogaskóli.

1. Verkefni hópsins

Rætt var um verkefni hópsins og helstu áherslur vinnunnar þar sem tíminn er naumur.

Sigríður kynnti upplýsingar um mismunandi áherslur í náms- og starfsráðgjöf víða um heim. Mikilvægt er að samræma störf námsráðgafa og skapa ramma. Þannig yrði til heildstæð náms- og starfsráðgjafaráætlun með samræmingu og reglulega mati um árangur. Sem dæmi má nefna að starfshlutfall námsráðgjafa er misjafnt eftir skólum og sveitarfélögum, allt frá 20% og upp í 100%.

Náms- og starfsfræðsla ekki til sem námsgrein eða skylda eins og á noðrurlöndum og í Evrópu.

Hver hefur eftirlit með námsráðgjöf?

Bent var á að efla þyrfti starfskynningar eða starfsnám og þá í samstarfi við atvinnulífið. Skoða þarf hvata fyrir fyrirtæki til að taka virkari þátt.

Viðhorf foreldra til grunnskóla skiptir gríðarlega miklu máli – brottfall er félagslegt vandamál og þarf að leysa á breiðum grunni.

2. Gagnasafn

Ákveðið var að safna saman gögnum sem geta nýst hópnum s.s. nýlegri skýrslu frá MSS og skýrslum sem Sigríður Bíldal og fleiri unnu fyrir Menntamálaráðuneytið 2008-9. Einnig voru námsráðgjafar beðnir um að vista þar lokaskýrslur sínar fyrir síðasta starfsár svo hægt sé að bera saman starfsemina.

3. Næsti fundur

Ákveðið að fá Kristjönu Stellu Blöndal á næsta fund sem verður þriðjudaginn 17. September kl. 14:00.

Þar getur hún upplýst um þau gögn og rannsóknir sem tiltækar eru – m.a. nýlega könnun í FS. í framhaldi verði ráðist í SVÓT greiningu svo hægt sé að fókusera betur vinnu hópsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Efling námsráðgjafar á Suðurnesjum
Fundargerð 29. okt. 2013

Mætt: Sigríður Bíldal, Guðrún Inga Bragadóttir, Sesselja Bogadóttir, Ragnheiður L. Guðmundsdóttir, Guðjón Sigurbjörnsson, Laufey Erlendsdóttir.

1. **Mál SVÓT greining**

Hópurinn vann svót greiningu um styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri vegna námsráðgjafar á Suðurnesjum. Unnin verður úr niðurstöðum og fjallað um þær á næsta fundi.

2. **Grein um brottfall úr framhaldsskólum**

Guðjón lagði fram grein eftir Björn Guðmunsson um brotthvarf úr framhaldsskólum og hversu marktækt það væri. Spurt er: hver er mælikvarðinn?

3. **Starfsáætlanir**

Flestir hafa skráð starfsáætlanir/ársskýrslur á dropbox heimasvæði vinnuhópsins. Ekki hafa þó allir unnið slíkar skýrslur.

Næsti fundur verður boðaður sérstaklega af verkefnastjóra. *Fleira ekki gert og fundi slitið.*

Kynningarfundur 11. mars 2014
Kristjana Stella Blöndal
Að finna og styðja nemendur í brotthvarfshættu

Mætt:

Skúli Freyr Brynjólfsson	Keilir
Sigríður Blöndal	Holtaskóli
Helga Hildur Snorradóttir	Skólastjóri Holtaskóla
Þóra Kristín Snjólfsdóttir	Keilir
Laufey Erlendsdóttir	Gerðaskóli
Ragnheiður L. Guðmundsdóttir	Sandgerðisskóli
Jón Ingi Baldvinsson	Stóru Vogaskóli
Hanna María Kristjánsdóttir	Þekkingarsetur Suðurnesja
Elín Yngvadóttir	Grunnskólinn í Sandgerði
Fanney Dórathe	Heiðarskóli
Sóley Halla Þórhallsdóttir	Skólastjóri Heiðarskóla
Steinunn Snorradóttir	Heiðarskóli
Kristján Ásmundsson	Skólameistari FS
Elín Rut Ólafsdóttir	Náms- og starfsráðgjafi FS
Sunna Gunnarsdóttir	Náms- og starfsráðgjafi FS

Kristjana Stella Blöndal lektor í náms- og starfsráðgjöf við HÍ kynnti fyrir hópnum framkvæmd skimunar sem lögð var fyrir valda framhaldsskóla þ.a.m. Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Skimunin er byggð af norskri fyrirmynd en markmið hennar er að betrumbæta námsumhverfi og styðja við nemendann.

Fjölbrautaskóli Suðurnesja hefur tekið þátt í skimuninni tvisvar. Skimunin hefur ekki verið lögð fyrir grunnskóla þótt það væri áhugavert þar sem vitað er að brottfall hefst áður en nemendur koma í framhaldsskóla. Samband sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu eru nú að skoða slíka skimun og hugsanlega geta Suðurnes farið í samstarf við það.

Fundur 18. mars 2014

Mætt: Guðjón Sigurbjörnsson, Ragnhildur L. Guðmundsdóttir. Jón Ingi Baldvinsson, Sigríður Bíldal, Guðrún Inga Bragadóttir, Laufey Erlendsdóttir

1. Mikil ánægða var með kynningarfund Kristjönu Stellu Blöndal og rætt var hvort mögulegt væri að fá upplýsingar frá FS um þá þætti sem væru veikastir hjá nemendum svo hægt væri að bregðast við þeim í grunnskóla.

2. Verkefnastjóri sagði frá því að verkefninu væri formlega lokið en hvatti námsráðgjafa til þess að funda áfram reglulega og var vel tekið í það. Heklan, atvinnuþróunarfélag Suðurnesja mun leggja til fundaraðstöðu og veitingar á fundum. Stefnt er að því að halda tvo fundi fyrir sumarið og taka svo aftur upp þráðinn haustið 2014.

3. Helstu niðurstöður vinnunnar verða kynntar Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum sem er eigandi verkefnisins. Mögulega verða í framhaldi til verkefni sem byggja á áhersluatriðum hópsins. Unnið er að öðru verkefni á vegum Sóknaráætlunar Suðurnesja sem er samstarf menntastofnan og verður án efa leitað til hópsins um þátttöku.

4. Rætt var hvort hópurinn ætti að stofna vefsíðu eða FB síðu til að kynna betur starfsemina.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

GRUNNSKÓLI GRINDAVÍKUR

Ársskýrsla
Náms- og starfsráðjgafa
Grunnskóla Grindavíkur
2012-2013

Veturinn 2012-2013

Ég var í 100% starfi í vetur og starfaði bæði í Hópsskóla og á Ásabraut. Ég sinnti einstaklingsráðgjöf, hópráðgjöf og kynningum. Ég sat fundi í nemendaverndarráði, áfallaráði og í byrjun skólaárs í eineltisteymi. Ég skráði hjá mér 515 einstaklingsviðtöl í vetur. Einstaklingsviðtöl geta verið stutt og einungis til upplýsinga en svo geta málin verið flóknari og erfiðari og þá eru viðtölin lengri (sjá töflu):

	1.b	2.b	3.b	4.b	5.b	6.b	7.b	8.b	9.b	10.b	Samtals
Stelpur	4	37	27	10	11	36	11	24	10	45	215
Strákar	0	20	21	21	17	78	8	29	94	22	310
Samtals	4	57	48	21	28	114	19	53	104	67	515

Þau verkefni sem ég vann að auki voru:

- Áhugakönnun í 10. bekk
- Endurskoðun eineltisáætlunar
- Eineltisteymi
- Eineltismál
- Innritun í framhaldsskóla
- Kvíðanámskeið
- Könnun á líðan
- Námstækni
- Nemendafulltrúaráð
- Neikvæðninámskeið
- Móttaka nýrra nemenda
- Prófkvíðanámskeið
- Reiðistjórnunarnámskeið
- Sjálfstyrkingarnámskeið
- Skynörvun/slökun
- Samstarf við aðra náms- og starfsráðgjafa
- Tengslakannanir
- Vinnustaðaval

Ég mun fara yfir hvert og eitt verkefni í skýrslunni og útskýra þau nánar.

Áhugakönnun

Ég bauð nemendum í 10. bekk að taka áhugakönnun og voru allir nemendur sem þáðu það. Áhugakönnunin heitir Bendill og er rafræn könnun sniðin að þörfum nemenda í 10. bekk. Könnunin er mats- og upplýsingakerfi sem hannað er til að aðstoða þá sem þurfa taka ákvarðanir um nám eða starfsvettvang. Í ráðgjöf um náms- og starfsval er lögð áhersla að fólk velji nám og síðar starf, sem hæfir áhuga þeirra. Þetta er mikilvægt svo hver og einn verði ánægður og vegni vel á vinnumarkaði. Bendil má nota annarsvegar til að meta starfsáhuga og hinsvegar til að afla upplýsinga um störf. Að þessu sinni var áhugakönnunin gjaldfrjáls sem varð til þess að fleiri nemendur tóku könnunina en nokkru sinni áður. Eftir að niðurstöður lágu fyrir hitti ég nemendur einstaklingslega og fór yfir

niðurstöður með þeim. Mér finnst til fyrirmyndar að bjóða nemendum að taka könnunina án endurgjalds og vona að svo verði áfram.

Endurskoðun eineltisáætlunar

Í haust lögðum við Ásrún deildarstjóri 1.-3. bekkja og Hildigunnur félagsráðgjafi lokahönd á endurskoðaða eineltisáætlun. Okkar áætlun er unnin út frá Saman í sátt (Zero) eineltisáætluninni og tengist uppbyggingastefnunni. Markmið vinnunar var m.a. að gera áætlunina sýnilegri og aðgengilegri á heimasíðu skólans.

Eineltisteymi

Ég var í eineltisteymi Grunnskóla Grindavíkur en sagði mig úr því á haustmánuðum.

Eineltismál

Í haust kom tilkynning inn á borð eineltisteymis um einelti í 10. bekk. Eineltisteymi fór yfir málið og vann að lausn á vandanum. Mitt hlutverk í þeirri vinnu var að vinna með þolandann í sjálfsstyrkingu og kvíðameðferð. Ég hitti viðkomandi 9 sinnum á þessu tímabili og vann með þessa tvo þætti. Ég hitti að auki allar stúlkur í 10. L og aðstoðaði umsjónarkennara við að kortleggja vandann.

Ég vann einnig með 2 einstaklinga í Hópsskóla í samvinnu við umsjónarkennara sem upplifðu að þeir væru útundan og að þeir yrðu fyrir mótlæti. Þau mál voru tekin fyrir í eineltisteymi en voru ekki greind sem eineltismál.

Innritun í framhaldsskóla

Ég hélt kynningu fyrir 10. bekk í mars varðandi nám að loknum grunnskóla og fór yfir innritunarferli fyrir framhaldsnám. Í kjölfarið hitti ég alla nemendur í 10. bekk og fór yfir val þeirra á framhaldsskólum og hvaða braut þeir ætluðu sér að velja í forinnrituninni. Ég skoðaði einkunnir með þeim og fór vel yfir það að þeir yrðu að skoða inntökuskilyrði brauta og velja með tilliti til þess.

Þegar opnað var fyrir forinnritun í framhaldsnám leituðu allir nemendur í 10. bekk eftir aðstoð við innritun. Það er jákvætt að þessi þjónusta sé nýtt og er ánægjulegt að vita til þess að allir nemendur í nýútskrifuðum nemendahópi 10. bekkinga sóttu um framhaldsnám.

Kvíðanámskeið

Ég var með 3 nemendur á kvíðanámskeiði í vetur. Þessir nemendur voru úr 3.-8. bekk. Ég studdist við bókina *„Hvað get ég gert við of miklar áhyggjur?“* og vann verkefnin sem koma fyrir í bókinni. Ég tengi sjálfstyrkingaraðferðir Baujunar inn í námskeiðið.

Könnun á líðan

Í september gekk ég í bekki, kynnti eineltisáætlun skólans og fór yfir spurningarnar í könnun á líðan. Í byrjun október lögðu umsjónarkennarar 3.-10. bekkja könnunina fyrir þá nemendur sem höfðu samþykkt leyfi forráðamanna. Þrír nemendur voru undanskildir könnuninni. Markmið könnunarinnar er að kanna líðan nemenda í skólanum og í umsjónarbekknum sínum. Einnig að kanna hvort nemandi eigi vini í skólanum og að lokum að kanna hvort nemandi sé lagður í einelti og hvort hann viti um nemendur sem eru lagðir í einelti.

Ég tók saman niðurstöður fyrir hvern og einn bekk og heildarniðurstöður yfir alla bekki. Umsjónarkennarar fá niðurstöður fyrir sína bekki og bregðast við á viðeigandi hátt. Þeir ræða við þá nemendur sem líður illa eða sæmilega í skólanum eða bekknum eða eiga ekki vini og hafa samband við foreldra. Þessum nemendum er boðið að þiggja viðtöl hjá náms- og starfsráðgjafa. Allar vísbendingar sem koma fram um þá nemendur sem eru meintir þolendur eineltis eru kannaðar. Umsjónarkennarar hafa veg og vanda að þeirri kortlagningu. Hún unnin í samvinnu við íþróttamiðstöðina, húsvörð, skólaliða, stuðningsfulltrúa og list- og verkgreinakennara. Ef kortlagningin á eineltismálinu staðfestir að um einelti sé að ræða er málinu vísað til eineltisráðs. Eineltisráð vinnur með málið samkvæmt eineltisáætlun skólans.

Í vetur voru 62 nemandi sem svöruðu því til að þeim liði sæmilega eða illa í skólanum og 55 nemendur sögðust líða sæmilega eða illa í umsjónarbekknum sínum. 6 nemendur sögðust ekki eiga vini í skólanum og nöfn 37 nemenda voru nefndir sem þolendur eineltis.

Námstækni

Umsjónarkennarar hafa veg og vanda af námstæknikennslu í umsjónartímum á haustin en ég hef tekið að mér nemendur sem þurfa frekari námstækni og í vetur voru 6 nemendur á námstækninámskeiði hjá mér. Ég studdist við *Námstæknibókina* og kverið *Náðu tökum á náminu!* í þessari vinnu.

Nemendafulltrúaráð

Í haust var stofnað nemendafulltrúaráð nemenda úr 2.-10. bekk. Ráðið fundaði 5 sinnum á árinu. Nemendafulltrúaráð á að auka nemendalýðræði og koma með hugmyndir að bættum skólabrag. Á fundunum var skipst á skoðunum og hugmyndum og nemendur komu sér saman um hverju mætti breyta til að bæta skólabrag. Nemendur fóru yfir niðurstöður á könnun á líðan og komu með hugmyndir að því hvernig við getum komið í veg fyrir einelti. Einnig komu þeir með hugmyndir að verkefnum fyrir vinabekkjadaga.

Það er mál nemenda að þeim fannst gaman að starfa í nemendafulltrúaráði og þeim finnst að ráðið eigi að starfa áfram. Þeir upplifðu samt að hugmyndum þeirra að bættum skólabrag væri ekki fylgt eftir og er það eitthvað sem við megum skoða.

Neikvæðninámskeið

Það var 1 piltur hjá mér á 10 tíma neikvæðninámskeiði. Námskeiðið vann ég upp úr bók sem heitir *„Hvað get ég gert við of mikla neikvæðni?“*. Þetta er í fyrsta skipti sem ég hef neikvæðninámskeið en námskeiðið er líkt reiðistjórnunarnámskeiðinu og byggist á hugrænni atferðismeðferð. Ég nota einnig sjálfstyrkingaraðferðina Bauju á námskeiðinu.

Móttaka nýrra nemenda

Í handbók skólans er þess getið að við nýir nemendur hitti námsráðgjafa. Ég tel þetta afar mikilvægt því það getur tekið mjög á nemendur að skipta um skóla og kynnast nýjum bekkjarfélögum. Það hjálpar nemendum að vita að þeir eigi skjól í skólanum. Því miður kemur það alltof oft fyrir að ég fæ ekki að vita af því að það sé nýr nemandi í skólanum og þá segir það sig sjálft að það verður ekkert úr viðtölum hjá mér. Það er mikilvægt að sá sem skráir nemanda í skólann láti mig vita því mér finnst að við eigum að bjóða upp á þessa þjónustu og gera það vel.

Prófkvíðanámskeið

Að þessu sinni bauð ég upp á prófkvíðanámskeið í 8.- 10. bekk og þáðu 3 drengir og 4 stúlkur að sitja námskeiðið. Námskeiðið var í 5 skipti og miðaðist við að tala um kvíða, birtingarmyndir hans og hvernig hægt er að vinna bug á kvíðanum. Eins fór ég ítarlega í prófundirbúning og próftöku á námskeiðinu. Nemendum var boðið að taka próf í smærri hópi og þeir sem þáðu það voru sáttir við fyrirkomulagið. Einnig var ég með tvo nemendur í einstaklingsráðgjöf vegna prófkvíða. Í þeirri ráðgjöf voru verkefnin meira krefjandi.

Reiðistjórnunarnámskeið

Það voru 2 nemendur hjá mér á 10 tíma reiðistjórnunarnámskeiði, ein stúlka og einn drengur.

Námskeiðið og verkefnin vann ég upp úr bók sem heitir *„Hvað get ég gert þegar reiði tekur völdin?“*. Ég tengi sjálfstyrkingaraðferðir Baujunar inn í námskeiðið.

Sjálfstyrkingarnámskeið

Ég fór þá leið í haust að auglýsa sjálfstyrkingarnámskeið fyrir nemendur í 4.-10. bekk. Að þessu sinni bað ég umsjónarkennara að benda mér á nemendur sem þeir töldu að þyrftu sjálfstyrkingu, alls voru 30 nemendur skráðir á námskeið.

Í fyrra var ég með 98 nemendur sem luku sjálfstyrkingarnámskeiði hjá mér þannig að það voru mjög margir nemendur sem höfðu lokið þessu námskeiði og þeir nemendur voru ekki í forgangi þetta árið. Ég styðst við sjálfstyrkingaraðferð sem heitir Baujan. Hvert námskeið eru 6-7 tímar og voru hóparnir 4 -5 manna. Eftir að námskeiði lýkur hitti ég nemendur einu sinni og fer yfir helstu atriði námskeiðsins. Það er margt jákvætt við hópanámskeið en það er að sama skapi líka gott fyrir mig að hitta nemendur einslega og fara yfir námskeiðið með þeim og sjá hvað þeir eru að tileinka sér.

Ég aldurs- og kynskipti hópunum og reyni að hafa nemendur úr sömu bekkjardeildum. Það gekk ekki alltaf eftir og í sumum hópum voru nemendur úr fleiri en einni bekkjardeild. Námskeiðin gengu undantekingalaust vel og voru nemendur áhugasamir og virkir. Af þeim viðbrögðum sem ég fékk var ekki annað að sjá en að nemendur og foreldrar hafi verið ánægðir með útkomuna. Það var tilraun hjá mér í vetur að bjóða nemendum í 4. bekk upp á sjálfstyrkingarnámskeið og fannst mér það ganga vel. Einnig nýtti ég Baujuna fyrir nemendur í Hópsskóla. Ég vann með nemendur einstaklingslega og nýtti það efni úr Baujunni sem ég taldi að ætti heima fyrir yngsta stigið. Í Hópsskóla voru 8 nemendur sem luku við Baujunámskeiðið sem endaði með foreldrafundi. Á fundinum fór ég yfir verkefnin sem unninn voru á námskeiðinu. Það gekk vel að vinna Baujunámskeiðið fyrir yngsta stig og útkoman var mjög jákvæð þannig að ég sé það fyrir mér að halda áfram með slíkt námskeið fyrir þá sem þess þurfa.

Skynörvun/slökun

Í haust var ákveðið að ég myndi nýta hluta af skynörvunartækjum sem voru í Hópsskóla. Ákveðið var að útbúa slökunarrými á Ásabrautinni. Ég nýti slökun mikið í sjálfstyrkingu og vinnu með kvíðanemendur þannig að það var kærkomið að fá þetta rými. Nýting í Grunnskóla Grindavíkur Ásabraut er fyrir nemendur í 4.-10. bekk. Aðallega nemendur sem eru í sjálfstyrkingu sem byggir á svokallaðri Baujuaðferð: „Í Baujunni er farin sú leið að lækningarmáttur líkamans/hugans er virkjaður. Það er gert með kviðaröndun. Með slökun fær hugurinn næði til að vinna úr tilfinningum, aðstæðum

og upplifunum. Í heilunarhæfileika þessum, sem okkur er öllum búin frá náttúrunnar hendi, er hjálp að finna við þeim sálrænu vandamálum sem ekki stafa beint af lífeðlislegum ástæðum.“ Einnig fara nemendur sem eru að vinna í hugrænni atferlismeðferð í reiði- og neikvæðnistjórnum í gegnum slökunarprógram í herberginu sem og nemendur með kvíða. Nemendur Hópsskóla, 1.-3. bekkur, auk leikskólabarna nýta herbergið í kyrrðarstund sem felur í sér jógakennslu, öndun og slökun. Markmiðið með þessu er að skapa innri ró og efla sjálfsvitund.

Samstarf við aðra náms- og starfsráðgjafa

Ég hef verið í samstarfi við náms- og starfsráðgjafa á Selfossi undanfarin ár. Starf mitt er einangrað og lítið um samstarf innan skólans svo þessi vinna gefur mér mikið. Ég tel að með sameiginlegri vinnu okkar náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum verði starfið öflugra og við fáum tækifæri til að skiptast á skoðunum. Nú vinnum við að því að setja saman sameiginlegan gagnabanka og skiptast á verkefnum og verkfærum. Ég óska eftir að fá að halda þessu samstarfi áfram næsta vetur því ég veit að ég og Grunnskóli Grindavíkur högnumst af þessu faglega starfi.

Atvinnuþróunarfélag Suðurnesja að vinna að verkefni sem tengjast sóknaráætlunum landshluta 2013 og heitir *Efling námsráðgjafar í grunnskólum*. Þessi vinna fór af stað nú á vordögum en ætlunin er að halda áfram með þessa vinnu næsta vetur. Ég verð þátttakandi í þessu verkefni sem er spennandi vettvangur fyrir námsráðgjafa í grunnskólum á Suðurnesjum að hittast og bera saman bækur sínar.

Tengslakönnun

Ég aðstoðaði 17 kennara við tengslakönnun í vetur sem er töluvert meiri fjöldi en í fyrra. Tengslakönnun getur hjálpað kennurum að lesa út tengsl í bekknum m.a. til að sjá hverjir eru með sterk tengsl og eins hverjir standa höllum fæti. Markmiðið er að efla tengsl þeirra sem þess þurfa. Eins er hægt að nota niðurstöður til viðmiðunar í sætaröðun og hópaskiptingar. Sumir kennarar lögðu könnunina fyrir í tvígang til að athuga hvort einhver breyting hafi orðið. Kennarar í 8. bekk lögðu fyrir tengslakönnun til að hjálpa til við skiptingu í bekki fyrir næsta skólaár.

Vinnustaðaval

Í vetur voru 30 nemendur í vinnustaðavali á 16 vinnustöðum. Valinu lauk fyrir áramót hjá flestum nemendum og verður sá háttur hafður á næsta vetur líka. Valið felst í því að ég hef samband við vinnuveitendur en nemendur bera ábyrgð á að koma sér á vinnustaðina og halda utan um vinnustaðastundir til að fá lokið fyrir námskeiðið.

Hugleiðingar um næsta skólaár

Ég sé í raun ekki mikla breytingu á starfi mínu næsta vetur. Verkefnin verða líklega svipuð og hafa verið. Viðtölum fer sífellt fjölgandi sem segir mér að nemendur eru í meira mæli að nýta sér mína þjónustu. Líkt og áður eru einstaklingsviðtölin flest vegna persónulegs vanda nemenda enda er mörgum nemendum sem fara í greiningar hjá skólaskrifstofu vísað til mín í ráðgjöf. Hversu gott eða vont það er fer alveg eftir vanda einstaklinga. Auðvitað væri best ef skólasálfræðingur gæti veitt viðtöl eftir greiningar en því miður er það ekki svo. Hins vegar er samstarf við sálfræðing og félagsráðgjafa mjög gott og það hjálpar mér í minni vinnu.

Það var gaman að taka þátt í starfi nemendafulltrúarráðs og vona ég að ráðið starfi áfram á næsta ári. Nemendur voru áhugasamir og hugmyndaríkir en ég tek undir það með nemendum að það var eins og það væri ekki mikill vilji til að framfylgja hugmyndum þeirra að bættum skólabrag. Hugmyndir

þeirra voru sumar róttækar en aðrar lítil ábending án mikils tilkostnaðar. Nú er mikil krafa hjá starfsfólki skólans og nemendum um endurskoðun á skólareglum. Mér finnst sjálfsagt að nýta þennan þverskurð af nemendum á öllum aldurstigum til að koma með hugmyndir í þeirri vinnu. Ég vona að í framtíðinni verði ráðið virkara og að hugmyndir ráðsins fái frekari hljómgrunn. Aukið lýðræði nemenda er að mínu viti jákvæð þróun en við verðum að vinna með nemendum og láta þá finna að við erum að hlusta á þá.

Mér finnst slökunarrýmið skemmtileg viðbót við starf mitt. Ég tel að slökun sé mjög mikilvæg í nútímasamfélagi þar sem hraði er mikill og stress eykst bæði hjá börnum og fullorðnum. Ég er viss um að ég eigi eftir að nýta rýmið meira á næsta ári og að þetta ár sé bara smjörþefurinn af því sem koma skal. Grunnskóli Grindavíkur er að því er ég best veit eini grunnskólinn á landinu sem nýtir skynörvunartæki í skólastarfi með almenna nemendur. Aðrir skólar nýta þessi rými einungis fyrir sérdeildir. Ég tel að við eigum að nýta skynörvunartækin meira og sýna fram á mikilvægi þeirra í skólastarfi. Ég og Ásrún deildarstjóri höfum fengið leyfi til þess hjá Halldóru skólastjóra að læra meira um skynörvun og slökun á næsta skólaári. Við munum því fara í vettvangsheimsóknir og viða að okkur frekari þekkingu á þessu sviði svo við getum nýtt skynörvunartækin betur.

Líkt og áður sé ég fyrir mér spennandi vetur 2013-2014 og ég hlakka til að takast á við verkefnin sem eiga eftir að koma mitt borð.

Ég þakka gott samstarf í vetur!

Sumarkveðja,

Guðrún Inga Bragadóttir

Skýrsla náms- og starfsráðgjafa í Heiðarskóla skólaárið 2011-2012

Steinunn Snorradóttir
Júní 2012

Inngangur

Náms- og starfsráðgjafi kom til starfa aftur eftir tveggja ára fæðingarorlof 1. desember. Það sem eftir lifði vetrar fór í það að sinna helstu verkefnum og vinna upp þau verkefni sem ekki var sinnt í fjarveru náms- og starfsráðgjafa. Deildarstjórar höfðu sinnt ýmsum verkefnum og koma námsráðgjafi inn með náms- og starfsfræðslu og einstaklingsviðtöl við nemendur í 10. bekk í janúar 2011, þó voru verkefni sem urðu útundan. Það mun því taka næsta vetur að vinna upp allt sem féll niður á meðan fæðingarorlofi stóð.

Hópráðgjöf

Þar sem ekki hafði verið sinnt neinni hópráðgjöf í 2 ár þá var ákveðið að 8. bekkur fengi að fara á sjálfstyrkingarnámskeið Baujunnar . Venjan er að 7. bekkur fari á námskeiðið en þar sem ekki þótti ástæða til að sleppa ´98 árgangnum úr var hann allur tekinn á vorönninni. Nemendarfjöldi í 8. bekk var 64 nemendur og voru þeir teknir í 15 hópum, hver hópur í fimm skipti. Lauk þeirri vinnu rétt fyrir skólalok. Námsráðgjafi lét nemendur svara í lok námskeiðsins nokkrum spurningum um hvernig þeim hefði líkað. Niðurstöður eru þær að drengir og stúlkur eru mjög ánægð með námskeiðið og myndu fara aftur á svipað námskeið ef þeim biðist það. Þegar spurt er um hvort námskeiðið hafi nýst þeim þá segja stúlkur að það hafi nýst vel en drengir hvorki né. Nemendur nota djúpöndun helst þegar kemur að íþróttakeppnum en stúlkur einnig þegar þær vilja ná stjórn á tilfinningum sínum. Þegar einhver er að trufla eða fara í taugarnar á nemendum þá eiga bæði kynin erfitt með að útiloka það og láta hlutina fara í taugarnar á sér. Upplifun námsráðgjafa er að nemendur í 8. bekk séu ekki eins móttækilegir fyrir námskeiði sem þessu eins og nemendur í 7. bekk og gaman verður að sjá niðurstöður næsta vor þar sem nemendur verða ári yngri. Næsta haust á að taka nemendur í upphafi 8. bekkjar og á vorönninn á að taka nemendur í 7. bekk.

Í öllum bekkjum voru gerðar tengslakannanir til að vita hvort eitthvert einelti ætti sér stað og eins til að sjá hvernig nemendur standa félagslega. Í nokkrum bekkjum hefur komið upp grunur um einelti og var í öllum tilvikum ástandið skoðað betur. Þar sem einelti átti sér stað var unnið markvisst í samvinnu við foreldra að uppræta eineltið.

Einnig voru hópar úr ýmsum árgöngum fengnir í viðtöl eftir því sem þurfa þótti, ýmist í eitt eða fleiri skipti.

Viðtöl

Allir nemendur í 10. bekk komu í viðtal til námsráðgjafa fyrir páskafrí þar sem rædd voru framtíðaráform eftir grunnskóla með tilliti til náms- og starfsvals. Nemendur voru misjafnlega ákveðnir í vali sínu og nokkrir komu oftar en einu sinni. Í lok umsóknartímabils við val á framhaldsskólum fór námsráðgjafi yfir umsóknir nemenda og hringdi í foreldra þeirra sem ekki voru með umsóknir sínar í lagi. Þeir nemendur sem þurfa að fara í fornám næsta haust voru hvattir til að fara ásamt foreldrum sínum og ræða við námsráðgjafa í þeim framhaldsskóla sem valinn var, tóku foreldrar því vel.

Nokkrir nemendur komu vikulega í stuðningsviðtöl megnið af skólaárinu. Var misjafnt eftir stöðu nemandans hvort aðstoðin fólst í námstækni, sjálfsstyrkingu, kvíða, aðstoð við próf eða hvort um persónuleg málefni var að ræða.

Vinna með bekkjum

10. bekkur

Nemendur í 10. bekk fengu kynningu á námsframboði eftir grunnskóla, var kynnt stúdentsnám, iðnnám og annað starfsnám. Farið var yfir misjöfn inntökuskilyrði í nám og hvað þyrfti að uppfylla.

Á vordögum fóru allir nemendur í 10. bekk í starfskynningu í hin ýmsu fyrirtæki hér í bæjarfélaginu. Nemendur unnu svo kynningu sem þeir fluttu á sal skólans. Nemendur buðu nemendum í 9. bekk að koma og sjá árangur þeirra.

Einnig gerðu allir nemendur ferilskrá sem þeir eiga, eftir að hafa fengið kynningu á gerð ferilskrár frá starfsmanni Europass. Á samskiptadegi í apríl hélt námsráðgjafi kynningu fyrir nemendur 10. bekkjar og foreldra þeirra um hvað tæki við eftir að grunnskóla lýkur. Sú kynningu var undir heitinu „Er líf eftir Heiðarskóla“.

9. bekkur

Námsráðgjafi kynnti nemendur fyrir framhaldskólakerfinu og námsframboði að loknum grunnskóla. Einnig voru nemendur hvattir til að vinna ætíð vel þar sem allt sem þau gera skiptir máli varðandi framtíð þeirra. Eftir áramót fóru nemendur í heimsókn í Fjölbrautarskóla Suðurnesja, tóku námsráðgjafar FS vel á móti okkur og voru nemendur bæði sér og Heiðarskóla til sóma.

8. bekkur

Nemendur fengu kynningu á því sem er í boði eftir að grunnskóla lýkur, bæði hvað varðar nám og störf. Á samskiptadegi í apríl var námsráðgjafi með kynningu á markmiðsetningu. Sú markmiðsetning snýr að öllu því sem nemendur taka sér fyrir hendur, hvort sem er sumarfrí, nám, störf eða önnur markmið í lífinu. Einnig stóð öllum nemendum 8. bekkjar til boða sjálfstyrkingarnámskeiðið Baujan sem allir þáðu.

Ýmsir fundir og samstarf

Náms- og starfsráðgjafi sat fundi nemendaráðs ásamt skólastjórnendum, sálfræðingi og kennara ásamt því að sitja deildarfundi eins og kostur var á.

Vann með Samtaka-Hópnum sem er forvarnahópur í Reykjanesbæ. Að auki hefur námsráðgjafi unnið í nánu samstarfi við aðra náms- og starfsráðgjafa á svæðinu, sérstaklega þó með námsráðgjafa Holtaskóla.

Valáfangi

Í boði var valáfangi sem ber heitið Mitt líf, er þetta fjórða árið sem boðið er upp á þennan valáfanga. Er áfanginn hugsaður sem forvarnar- og lífsstílsáfangi. Margir gestakennarar koma í heimsókn með ýmiskonar erindi má þar nefna snyrtifræðing, grasalækni, lögreglu, nuddara og fræðsluerindi frá MSS. Auk þess gerðu nemendur bók þar sem fram koma ýmiskonar upplýsingar um viðkomandi.

Þar koma fram helstu áhugamál, persónuupplýsingar, draumar og markmið.

Næsta skólaár

Á næsta skólaári mun náms- og starfsráðgjafi halda áfram að vinna upp það sem ekki náðist að gera frá því hann kom aftur til vinnu í upphafi desember eftir tveggja ára fæðingarorlof. Má þar helst nefna sjálfstyrkingarnámskeið Baujunnar bæði í 7. og 8. bekk, áframhaldandi vinnu við náms- og starfsfræðslu á unglingastigi, námtækni í samvinnu við kennara auk annarra verkefna sem til falla.

Reykjanesbæ 13. júní 2012

Steinunn Snorradóttir

Náms- og starfsráðgjafi

Námsráðgjöf veturinn 2012-2013

Hlutverk námsráðgjafa er að standa vörð um velferð nemenda, styðja þá og liðsinna í málum er snerta nám,skólavist, framhaldsnám og starfsval.
Námsráðgjafi er málsvari og trúnaðarmaður nemenda. Hann aðstoðar nemendur við lausn persónulegra vandamála.
Lögð er áhersla á að ráðgjöfin standi öllum til boða og ekki þurfi að vera fyrir hendi vandamál eða vanlíðan hjá nemendum til þess að þeir geti komið í viðtal. Ef nemendur langar til að ræða við einhvern um daginn og veginn eða vonir sínar og væntingar í lífinu þá er um að gera að panta viðtal.
Námsráðgjafi er kennurum innan handar við úrlausn viðfangsefna er tengjast málum einstakra nemenda og veitir þeim viðtöl og ráðgjöf. Einnig geta foreldrar leitað til námsráðgjafa með mál er snerta nám og líðan barna þeirra.

Liðveisla er eitt af valfögum í unglingadeildunum og sér námsráðgjafi um að skipuleggja hana. Helstu verkefni nemenda í liðveislunni hafa verið aðstoð við starfsmenn Frístundar, aðstoð við kennara inni í bekk og einnig hafa nemendur verið aðstoðarmenn á leikskólanum Gimli.

Námsráðgjafi ræðir við alla nýja nemendur skólans fljótlega eftir að skóli hefst , einkum til að kanna líðan, samskipti við aðra nemendur og hvort upphaf skólagöngunnar í nýjum skóla sé ekki með eðlilegum hætti.

Námsráðgjafi starfar í eineltisteymi skólans ásamt deildarstjórum og deildarstjóra í námsveri. Teymið vinnur að forvörnum í eineltismálum og tekur á þeim eineltismálum sem upp koma. Oft er það tímafrek vinna en unnið er eftir skipulögðu verkferli og lýkur málum ekki fyrr en foreldri þolanda hefur með undirskrift sinni staðfest að einelti sé lokið.

Námsráðgjafi starfar með Nemendaverndarráði skólans.

Töluvert var unnið að hinum ýmsu forvörnum í skólanum í vetur. Þar má nefna fyrirlestur um rafrænt einelti, Marita fræðsluna, fyrirlestur frá Alnæmissamtökunum á Íslandi. Blátt áfram fræðslu fyrir 3.bekk.
Kvikmyndin Fáðu já var sýnd og var henni fylgt eftir með umræðu í unglingadeildunum.
Forvarnardagurinn fyrir 9. bekk o.fl.

Hópeflisnámskeið var haldið fyrir nemendur á miðstigi undir stjórn Garúnar og var hún einnig með leiklistarnámskeið fyrir elstu bekkina.

Fulltrúar frá Sjávarútvegsráðuneytinu og frá Fisktækniskólanum í Grindavík voru með kynningar fyrir nemendur.
Allir nemendur 10. bekkjar fóru í tveggja daga starfskynningu í hin ýmsu fyrirtæki í maí og voru svo með kynningu á sal fyrir bekkjarfélagana og nemendur í 9.bekk.

Langmestur tími námsráðgjafa fór í einstaklingsviðtöl við nemendur þar sem tekist var á við fjölmörg viðfangsefni eins og : Náms eða starfsval, námsleiða, prófkvíða, skólasókn, námstækni, sjálfsmynd, félagslegan vanda, tilfinningalegan vanda, hegðunarvanda, stríðni/einelti, samskiptavanda,o.fl.
Eftirfylgni með málum var eitt af aðal viðfangsefnum námsráðgjafa. Þar skiptir samvinna milli nemanda og námsráðgjafa sköpum og er grundvöllur þess að ráðgjöfin nýtist nemandanum.

Að vori fengu 10.bekkingar aðstoð og leiðbeiningar um innritun og val á framhaldsskólum.

Námsráðgjafi sat fundi með Samtakahópnum sem hittist að jafnaði aðra hverja viku og ber saman bækur sínar.

Námsráðgjafi sótti einnig starfstengdar ráðstefnur og erindi.

Námsráðgjafi í Njarðvíkurskóla er í 50% starfi.

Guðjón Sigbjörnsson

Námsráðgjafi Njarðvíkurskóla.

NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF

Skólaárið 2012-2013

- **Kynning á starfi mínu og mér sjálfum**
  - Byrjaði skólaárið á því að fara inn í alla bekki frá 6. – 10. b og kynnti mig, starfið mitt og það sem ég ætlaði að gera í vetur
  - Fór líka inn í yngri bekki að beiðni umsjónarkennara

- **Viðtöl**
  - Boðaði alla nemendur í 10. bekk í einkaviðtal og fór yfir starfið í vetur og framtíðarplön þeirra

- **Kynningar í bekkjum**
  - Fór í alla bekki unglingadeildar og var með kynningu á námstækni, minni og lestraraðferðum, prófundirbúningi, prófkvíða, kurteisi og framkomu, sjálfstyrkingarnámskeiðum
  - Fór á miðstig með kynningu á námstækni, kurteisi og framkomu.
  - Fékk einstaka nemendur til mín sem þjáðust af prófkvíða ofl

- **Sérstakir fundir**
  - Sat nemendaverndarráðsfundi einu sinni í mánuði
  - Sat fundi með sérkennara vegna sérstakra nemenda

- **Einkaviðtöl**
  - átti einkaviðtöl við nemendur:
    - nemendur sem komu af frjálsum og fúsum vilja að ræða um ýmis vandamál sem tengdust þeim, skólanum, öðrum nemendum og fjölskyldu
    - nemendur komu í föst viðtöl vegna ýmissa ástæðna og aðstæðna að beiðni umsjónarkennara, stjórnenda, foreldra eða sálfræðings
    - kallaði til mín nemendur sem ekki voru að standa sig í ástundun og leitaði leiða til að bæta úr, í samráði við umsjónarkennara

p.s. Vegna veikinda var ég aðeins við störf fyrri part vetrar.

Jón Ingi Baldvinsson

Skólaárið 2012 – 2013

Skýrsla náms- og starfsráðgjafa

Þetta skólaár var náms- og starfsráðgjafi skólans með 8 kennslustundir á viku fyrir ráðgjöf við nemendur en notaði einnig tíma sem ætlaðir voru í viðveru, þannig að um var að ræða 7 kennslustundir til viðbótar. Bæði var náms- og starfsráðgjafi með fræðsluerindi við bekkina er varðar skipulag náms og forvarnir svo og einstaklingsviðtöl sem taka drjúgan hluta tíma ráðgjafa.

Alls eru skráðar 157 heimsóknir nemenda til náms- og starfsráðgjafa, flestar þeirra snúa að líðan. Einnig hafa nemendur komið að máli við ráðgjafa varðandi nám og námsleiðir án þess þó að það sé skráð sérstaklega.

Ánægjulegt var að heyra að nemendur á unglingastigi eru farnir að sækjast eftir ráðgjöf námsráðgjafa á eigin forsendum, án þess að kennari eða aðrir bendi þeim sérstaklega á þennan möguleika, ráðgjöfin virðist vera að festa sig í sessi innan skólans.

Fyrir áramót voru alls 63 heimsóknir, 33 heimsóknir drengja en 30 heimsóknir stúlkna sem komu í ráðgjöf. Alls voru þetta 20 nemendur úr öllum bekkjardeildum. Skiptingin var eftirfarandi:

1.b	2 nem.	2.b	3 nem.
3. b	2 nem.	4.b	0
5.b	2 nem.	6. b	3 nem.
7. b	2 nem.	8. b	0
9. b	2 nem.	10. b	4 nem.

Fyrir áramót voru alls 94 heimsóknir, 47 heimsóknir drengja en 47 heimsóknir stúlkna sem komu í ráðgjöf. Alls voru þetta 29 nemendur úr öllum bekkjardeildum. Skiptingin var eftirfarandi:

1.b	3 nem.	2.b	2 nem.
3. b	4 nem.	4.b	2 nem.
5.b	3 nem.	6. b	5 nem.
7. b	1 nem.	8. b	2 nem.
9. b	2 nem.	10. b	5 nem.

Nemendur úr 1. til og með 6. bekk koma flestir vegna vanlíðunar, kvíða, samskiptavanda oþh. En flestir hinna eldri koma vegna náms og starfsráðgjafar, þó eru þar einnig nemendur sem koma vegna vanlíðunar.

Náms- og starfsráðgjafi fór í heimsókn í alla árganga skólans 1. til 10. bekk með fræðslu um lífstíl, mikilvægi hollustu og svefns.

Náms- og starfsráðgjafi fór í alla bekki frá 5. bekk til 10. bekk með tóbaksfræðslu í eina kennslustund. Fræðslan var í formi fyrirlesturs en að auki fylgdu myndir af sjúklingum sem höfðu fengið mismunandi gerðir krabbameins og áttu flestir það sameiginlegt að hafa reykt. Þar kom einnig fram að munntóbak sem nemendur höfðu talið betra en sígarettur væri í raun meiri skaðvaldur en sígarettur.

Nemendur í 5. til 7. bekk fengu einnig fræðslu um skipulag og námstækni, settu sér stutt námsmarkmið og hvernig ætti að skipuleggja heimavinnu.

Á haustdögum fengu nemendur 10. bekkjar heimsókn frá náms- og starfsráðgjöfum FS með kynningu á námi þar og námsbrautum.

Nemendur 9. bekkjar fengu kynningu á próftækni þar sem fjallað var um prófundirbúning, prófkvíða og próftöku.

Nemendur 9. bekkjar fóru í starfskynningar til einstakra fyrirtækja -/ stofnanna í upphafi ársins, gekk vel og þau sýndu áhuga á þessum störfum. Nemendur settu svo saman kynningu á þessum störfum og héldu kynningarkvöld fyrir foreldra, metið inn í lífsleikni.

Nemendur 10. bekkjar fóru um miðjan febrúar á Skólaþing í Reykjavík þar sem þau æfðu sig í starfi sem þingmenn. Einnig var farið í heimsóknir í framhaldsskóla, Fjöltækniskólann og í Verslunarskóla Íslands, deginum lauk svo með starfskynningu hjá Ríkisútvarpinu.

Í lok febrúar átti náms- og starfsráðgjafi fund með forsvarsmönnum Fisktækniskólans í Grindavík sem er áhugaverður kostur fyrir þá nemendur sem hugnast ekki vel að vinna mikið í bóklegum greinum en námið þar byggir mikið á verklegum greinum.

Nemendur 9. bekkjar fóru í heimsókn í Fjölbrautaskóla Suðurnesja ásamt umsj.kennara og deildarstjóra, námsráðgjafi komst ekki með þeim vegna kennslu.

Nemendur 9. og 10. bekkjar fengu heimsókn frá Blátt Áfram og einnig fengu nemendur frá 7. til 10. bekk heimsókn frá Lundi um áfengis- og vímuefnavarnir.

Sjávarklasinn Grindavík heimsótti nemendur í 10. bekk og sýndu þeim framleiðslu þeirra og hvers konar verðmæti væri að vinna úr fiskafurðum t.d. skinn úr roði sem er svo notað í fatnað og fylgihluti en að auki vinna þeir úr fiski alls kyns hollustuvörur og bætiefni.

Skólameistari FS heimsótti 10. bekk og foreldra, kynnti skólann og svaraði spurningum um námið þar.

Á vordögum fengu nemendur 9. og 10. bekkjar heimsókn frá Landsbankanum með fjármálafræðslu þar sem þau fengu fræðslu um peninga, sparnað, lán og ábyrgðir.

Nemendur 10. bekkjar fengu fræðsluerindi frá náms- og starfsráðgjafa þar sem farið var yfir réttindi og skyldur á vinnumarkaði.

Náms- og starfsráðgjafi kynnti fyrir nemendum gerð Europass ferilskrár en með henni geta nemendur haldið utan um framhaldspróf, verkefni og atvinnu sem þeir hafa sinnt eða unnið að og nýtist þeim við atvinnuumsóknir. Nemendur fóru í tölvuver og prófuðu að gera sína eigin ferilskrá.

Á síðustu metrunum fengu nemendur 10. bekkjar svo kynfræðslu frá HSS sem var skipulögð í samstarfi umsj.kennar og skólastjóra.

Námsráðgjafi hefur sótt fundi og verið í sambandi við aðra náms- og starfsráðgjafa á svæðinu t.a.m vegna nýbúa og brottfalls úr framhaldsskólum, höfum rætt hvað við getum gert betur. Eitt af því sem er algerlega nauðsynlegt að gera er að halda fundi við upphaf hvers skólastigs þ.e. 1. 4. og 7. bekkur þar sem kynnt er fyrir foreldrum og nemendum til hvers sé ætlast og við hverju megi búast á því skólastigi sem um ræðir. Þurfum að hafa samfellu í náminu og foreldrar mega ekki sleppa höndum af börnunum þegar þau fara í efri bekki skólans.

Ragnhildur L. Guðmundsdóttir
Náms- og starfsráðgjafi

HOLTASKÓLI

Skýrsla náms- og starfsráðgjafa

skólaárið 2012-2013

Inngangur

Í skýrslunni eru upplýsingar um starfsemi náms- og starfsráðgjafar skólaárið 2012-2013. Þar kemur fram hvernig tími náms- og starfsráðgjafa skiptist ásamt helstu verkefnum.

Skráning

Hlutfallsleg skipting nemenda eftir stigum er eftirfarandi: Yngsta stig 6,8%, miðstig 34,7%, unglingastig 58,2%. Allur 7. bekkur var í hópum á sjálfsstyrkingarnámskeiði. Drengir voru 52% en stúlkur 48%.

Flokkur	Fjöldi viðtala	Hlutfall
Persónuleg ráðgjöf	45	12,7%
Náms- og starfsfræðsla	30	8,5%
Náms- og starfsráðgjöf	59	16,7%
Hópráðgjöf	142	40,2%
Fundir- símaviðtöl	3	0,8%
Annað	74	21,0%

Náms- og starfsráðgjöf

Vinnubragðaþjálfun var með miðstiginu varðandi skipulagningu próflesturs. Þó nokkrir einstaklingar voru í þjálfun með einstaka námsgreinar. Í nokkrum tilvikum höfðu foreldrar samband og samstarf var milli heimilis og skóla. Í þeim tilvikum er árangur mun meiri.

Náms- og starfsfræðsla

Nemendur í 7. bekk fóru í starfskynningu í 28. maí og kynntu sér störf foreldra sinna. Nemendur kynntu síðan störfin á sal fyrir hvert öðru. Kynningin tókst mjög vel og nemendur nýttu sér „Google apps“ þar sem allir í hópnum geta unnið við sama verkefni á sama tíma.

Í 8. bekk var námsefnið ,,Stefnan sett“ notað og nemendur nota möppuna í 9. og 10. bekk. Mappan verður einnig ferilmappa og voru einkunnablað hvers og eins sett í viðkomandi möppu í lok skólaárs. Nemendur fá möppuna til eignar í lok 10. bekkjar.

Nemendur í 9. bekk heimsóttu Fjölbrautaskóla Suðurnesja 18. mars og fengu kynningu á námsleiðum og nemendafélaginu. Náms- og starfsráðgjafi heimsótti bekkinn eftir kynninguna og fjallaði um námið í FS og námsleiðir í framhaldsskólum á Íslandi ásamt inntökuskilyrðum á brautir.

Heiða Kristin Harðardóttir, náms- og starfsráðgjafi í FS heimsótti 10. bekkinga 27. nóvember. Sýnt var myndband sem nemendur í FS höfðu unnið. Þar voru viðtöl við nemendur í FS og af sex nemendum á myndbandinu voru fimm úr Holtaskóla.

Nemendum í 10. bekk gafst kostur á að svara áhugagreiningunni Bendli og nýttu 83% nemenda sér það sem er mun meira en á síðasta skólaári þegar 73% nemenda fóru í áhugagreiningu. Áhugagreiningin var notuð í viðtölum við nemendur og foreldra í 10. bekk til að tengja saman áhuga og val á námsleið. Mæting í viðtölin var að þessu sinni ekki 100% eins og fyrri ár heldur 97%. Nemendur í 10. bekk fengu aðstoð við að ganga frá umsóknum í forvali. Allir nemendur sóttu um nám í framhaldsskóla haustið 2013, flestir í FS.

Nemendur 10. bekkja gerðu ferilskrá í tölvutæku formi og sendu heim í tölvupósti. Þarna er kominn grunnur að ferilskrá sem hægt er að nýta alla ævi.

Hópráðgjöf

Nemendur í 7. bekk voru á námskeiði í sjálfsstyrkingu. Helmingur nemenda fyrir jól og helmingur eftir jól. Stuðst var við námsefni Baujunnar. Lögð var fyrir könnun í síðasta tíma, hjá nokkrum hópum, til að fá viðhorf nemenda til námskeiðsins. Drengirnir voru 11, stúlkurnar fimm en einn merkti ekki við kyn. 65% töldu að námskeiðið hefði hjálpað þeim mjög mikið eða mikið og 69% sögðu að námskeiðið hefði verið mjög gott eða gott. Nemendur nota allir nema einn slökunaröndum, flestir í upplestri, til að ná stjórn á erfiðum tilfinningum og íþróttakeppni. Átta drengir tala um líðan stundum eða sjaldan aðeins tveir segja oft. Stúlkurnar merkja oftar við mjög oft eða oft. Þetta er verðugt umhugsunarefni. Þegar allur árgangurinn hefur farið á námskeið er auðveldara fyrir náms- og starfsráðgjafa að ræða áfram um tilfinningar og líðan við nemendur og minna þau á hvernig þau geta borið ábyrgð á eigin líðan og hegðun.

ART námskeið

Náms- og starfsráðgjafi var á ART námskeiði ásamt aðstoðarskólastjóra í ágúst, október og nóvember. ART stendur fyrir reiðistjórnun, félagsfærni og siðgæðisvitund. Í tengslum við námskeiðið var keyrður meðferðarhópum með fimm drengjum úr 6. bekk í 12 vikur.

Virknimat

Þrjár umsóknir bárust um einstaklingsbundið hvatningarkerfi á skólaárinu. Ein umsókn var geymd þar sem nemandinn var á ART námskeiði. Farið var af stað með mælingar fyrir hina tvo. Annar nemandinn aftók að taka þátt í starfinu og foreldri var samþykkt. Málinu var því lokað. Þriðji nemandinn sýndi alls enga erfiða hegðun við mælingu og málinu var lokað í samráði við umsjónarkennara.

Vinnubragðaáætlun

Holtastika (spássíur) og Binni snyrtipinni (bil á milli orða) voru notuð á árinu til að aðstoða nemendur á yngsta stigi í ritun.

Vinnubragðaáætlunin var keyrð áfram á miðstigi með heimildavinnu. Náms- og starfsráðgjafi rifjaði upp heimildaskrá með nemendum í 6. og 7. bekk. Náms- og starfsráðgjafi, ásamt kennurum í upplýsingatækni, náttúrufræði og íslensku lögðu jarðfræðiverkefni fyrir 6. bekkinga. Nemendur unnu í hópum og hver hópur kynnti sitt efni á sal. Foreldrum var boðið á kynninguna og nemendur buðu upp á skúffuköku sem þeir höfðu bakað í heimilisfræði. Verkefnið tókst mjög vel. Nemendur fengu námsmat í þremur greinum fyrir sama verkefnið en kennarar mátu ólíka þætti.

Samþætt heimildaverkefni var einnig í 7. bekkjum. Þar var viðfangsefnið Evrópa og nemendur skiluðu heimildaritgerð og unnu glærukynningu.

Nemendaráðgjöf

Nemendaráðgjafar byrjuðu 22 en voru 15 á vorönn, flestir úr 9. bekk. Sameiginlegur dagur var 18. október í samstarfi við Garðaskóla og Lækjarskóla. Nemendur unnu hugmyndir um hvað hægt væri að gera til að vinna gegn einelti. Dagurinn gekk einstaklega vel og margar hugmyndir komu fram. Nemendur úr þessum skólum hittust aftur 29. apríl og voru saman einn dag. Þar var unnið með samskipti og nemendum skipt í hópa á milli skóla.

Helstu verkefni nemendaráðgjafa voru: Heimsóttu 1. og 2. bekk sem vinabekk og fóru með yngri nemendur í leiki, voru úti í frímínútum með nemendum í þriðja og fjórða bekk, tóku á móti nýjum nemendum og kynntu þeim skólann, kynntu námsefnið „Stöndum saman“ í 1.-8. bekk, en námsefnið er hugsað sem forvörn gegn einelti. Nemendaráðgjafar sáu einnig um kynningu og skipulagningu á degi gegn einelti 8. nóvember þar sem gengið var í skrúðgöngu og myndaður vinahringur í kringum skólann.

Samstarf

Samstarf var við lestrarfræðing og yfirmann sérkennslu á skólaárinu varðandi vinnubrögð og nemendur með lestrarerfiðleika og sérkennslunemendur.

Samstarf var meðal náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum Reykjanesbæjar. Hópurinn hittist þrisvar á skólaárinu. Mjög gagnlegt er að hittast og bera saman bækur sínar þar sem allir eru einir í starfi í sínum skóla.

Náms- og starfsráðgjafi tók þátt í nemendaverndarráðsfundum og teymisvinnu varðandi einstaka nemendur. Náms- og starfsráðgjafi sat deildafundi, mest með unglingastiginu. Náms- og starfsráðgjafi var einnig í Samtaka-Hópnum, sem er forvarnarhópur, á vegum Reykjanesbæjar og PBS teymi.

Í maí fór af stað verkefni um eflingu náms- og starfsráðgjafar á Suðurnesjum sem lýkur í desember. Verkefnið er þáttur í eflingu menntunar á Suðurnesjum. Ákveðið var á fundi með umsjónarmanni verkefnisins í júní að leggja áherslu á náms- og starfsfræðslu.

Endurmenntun

Endurmenntun var bæði á skólatíma og utan hans. Náms- og starfsráðgjafi sótti fræðslufund og námskeið á vegum Félags náms- og starfsráðgjafa. Þar var fjallað um rafræna náms- og starfsráðgjöf. Náms- og starfsráðgjafi sótti ART námskeið ásamt aðstoðarskólastjóra, skólaþróunarþing í ágúst þar sem fjallað var um nýja námskrá og málþing í Flensborg um sama efni. Önnur fræðsla og námskeið: PBS dagurinn, fyrirlestur um bekkjarstjórnun, námskeið í jákvæðri sálfræði, málþing um ungt fólk á Norðurlöndum, námskeið um markvissar leiðir til að breyta hegðun og áhugahvetjandi samtöl. Auk þess kynnti náms- og starfsráðgjafi sér efni um ADHD, málþroskaröskun og nýja aðalnámskrá.

Næsta skólaár

Fyrirhugað er að vera með ART námskeið í árgangi sem fyrirbyggjandi aðgerð auk þess að hafa meðferðar ART ef þarf. Náms- og starfsfræðsla verður í 8. og 9. bekk með námsefnið „Stefnan sett“. Annað efni verður notað í 7. og 10. bekk. Einstaklingsbundið hvatningarkerfi verður áfram í gangi. Virknimatsteymið virkaði illa á þessu skólaári og þarf að lagfæra það. Gefa verður fólki tíma til mælinga.

Nemendaráðgjöfin verður hvíld á næsta skólaári. Nýlega barst efni um vinaliðaverkefni þar sem eldri nemendur vinna með yngri á markvissan hátt. Ef til vill er hægt að nýta það sem valáfanga á vorönn ef áhugi er fyrir hendi hjá nemendum.

Reykjanesbæ, 14. júní 2013

Sigríður Bílddal
náms- og starfsráðgjafi

Að finna og styðja nemendur í brotthvarfshættu

Mat á námsumhverfi nemenda

Kristjana Stella Blöndal
Lektor, Félags- og mannvísindadeild, HÍ

Fræðslufundur 11. mars 2014 á vegum Heklunnar, atvinnuþróunarfélags Suðurnesja fyrir Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum

HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGS- OG MANNVÍSINDADEILD

Mat á námsumhverfi nemenda

- *Rafrænt skimunarpróf* til að finna nemendur í brotthvarfshættu og vera leiðbeinandi um viðeigandi stuðning
- Metur styrkleika og veikleika nemenda og námsumhverfis þeirra
- Þróað fyrir náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskólum til að auðvelda þeim að skilgreina nýnema í brotthvarfshættu út frá þekktum áhættuþáttum.
- Hefur verið í þróun hérlendis og erlendis
- Upphaflega hannað fyrir nýnema framhaldsskóla
- Notað í Noregi í 10. bekk og 1. bekk framhaldsskóla (frá 2008) og á Íslandi frá 2013 (lagt fyrir í 17 framhaldsskólum)

Þróun

- Byggt á fræðilegum grunni
  - kenningum um brotthvarf
  - rannsóknum á þeim þáttum sem virðast draga úr eða auka líkur á brotthvarfi ungmenna
- Leitað í smiðju fagfólks í skólamálum:
  - Nemenda
  - Náms- og starfsráðgjafa
  - Kennara
  - Skólastjórnenda

Hugmyndafræði (1)

- Skuldbinding nemenda gagnvart námi og skóla er lykilhugtak í kenningum um brotthvarf
- Litið er á brotthvarf sem ferli sem lýsir sér í því að nemendur verða smám saman afhuga námi og skóla (Finn, 1989); skólinn höfði ekki nægilega til þessara nemenda, þeir taki lítinn þátt bæði í námi og félagslífi skólans, sjái ekki tilgang með náminu, skorti metnað og framtíðarsýn og samsami sig ekki skólanum
- Skuldbinding nemenda tengist námsárangri og brotthvarfi nemenda frá námi (Alexander, Entwisle og Kabbani, 2001; Finn, 1993; Rumberger, 1995).

Hugmyndafræði (2)

- Brotthvarf er ferli sem hefst oft snemma á skólagöngunni
- Greina má hegðun og viðhorf nemenda sem setur þá í áhættu gagnvart brotthvarfi, tengist bæði náms- og félagslegum þáttum
- Áhættu og verndandi þættir tengjast einstaklingnum sjálfum, fjölskyldunni, skólanum og samfélaginu

Skuldbinding nemenda
(Students' engagement)

- Skuldbinding minnkar með aldri, er hvað minnst á unglingsárum
  - 15 ára nemendur í OECD löndum (PISA): einn af fjórum fannst hann ekki tilheyra skólanum og einn af fimm tók lítinn þátt í skólalífinu
  - Námsleiði og áhugaleysi helstu ástæður sem íslenskir nemar gáfu fyrir að hætta í framhaldsskóla

Skólinn

- Minnkandi skuldbinding að hluta rakinn til skólaumhverfis á unglinsárum:
  - Færri tækifæri til samskipta/ tengsla og sjálfstæðis í námi
  - Ópersónulegra skólaumhverfi, stærri skólar, fleiri kennarar, minni samskipti á milli kennara og nemenda, meiri áhersla á aga og mat á námsárangri og færri tækifæri til sjálfstæðra ákvarðana (Wang og Eccles, 2012). Íslensk rannsókn sýndi að það voru færri tækifæri til sjálfstæðis í námi meðal framhaldsskólanema samanborið við grunnskólanema (Gerður G Óskarsdóttir, 2012).
- Niðurstöður benda til þess að í skólastarfi megi ýta undir skuldbindingu nemenda – Leiðandi umhverfi sbr uppeldi

Það getur brugðið til beggja vona

Markmið:

- Að kanna ólíka námsframvindu nemenda í framhaldsskóla í ljósi skuldbindingar þeirra gagnvart skóla og námi.
- Sérstaklega er litið til þeirra nemenda sem:
  - ljúka framhaldsskóla þrátt fyrir slaka frammistöðu í námi (í 10. bekk).
  - þrátt fyrir góða frammistöðu hverfa frá námi.

Kristjana Stella Blöndal og Sigrúna Aðalbjarnardóttir (2012)

Þátttakendur

- Rannsóknin er með langtímasniði og náði til allra reykvískra unglinga sem voru í 9. bekk vorið 1994 (Gögn úr langtímarannsókn Sigrúnar Aðalbjarnardóttur: Áhættuhegðun ungs fólks).

- 832 ungmenni tóku þátt í langtímarannsókninni árin 1994, 1995 og 2001 og svöruðu öllum þeim spurningum sem þessi athugun nær til.

Tengsl einkunna við lok grunnskóla og námsstöðu 22 ára



Ólíkir nemendahópar

- Nemendum var skipt í fjóra hópa með tilliti til námsárangurs á samræmdum prófum í 10. bekk og námsstöðu við 22 ára aldur.
- Þá sem:

  1) sýndu slaka frammistöðu og hurfu frá námi,
  2) þrátt fyrir slaka frammistöðu luku námi,
  3) sýndu góða frammistöðu og luku námi, og
  4) hættu í námi þrátt fyrir góða frammistöðu

Brottfallshópur

- Þeir nemendur sem ekki hafa lokið neinu skilgreindu framhaldsskólaprófi 22 ára og voru ekki í námi þegar rannsókninni lauk.

Mælingar

- Skuldbinding nemenda bæði 14 og 15 ára:
  - Neikvæð hegðun í skóla.
  - Áhugaleysi í námi.
  - Neikvæðar tilfinningar í garð skólans.
- Frammistaða við lok grunnskóla í 10. bekk
  - Samræmd próf í íslensku og stærðfræði.
- Félags- og efnahagsleg staða var metin með tilliti til menntunar og starfs beggja foreldra.

Það getur brugðið til beggja vona



Það getur brugðið til beggja vona

- Námsárangur spáir sterkast fyrir um námsframvindu nemenda.
- Brotthvarf er ferli:
  - Neikvæð þróun skuldbindingar nemenda virðist ýta undir hættu á að þeir hverfi frá námi jafnvel meðal þeirra sem standa vel að vígi námslega.
  - Jákvæð þróun skuldbindingar nemenda virðist draga úr hættu á að þeir hverfi frá námi jafnvel meðal þeirra sem standa illa námslega.

Rannsóknin *Námsframvinda nemenda og skilvirkni framhaldsskóla:*

- Því óvissari sem nemendur eru um námsval sitt því minni er skuldbinding þeirra gagnvart námi og skóla
- Bæði stuðningur kennara og foreldra skiptir máli fyrir skuldbindingu nemenda
  - Stuðningur kennara skipti meira máli um jákvæðar tilfinningar nemenda í garð skólans
  - Stuðningur foreldra skipti meira máli um jákvæða námshegðun nemenda
- Því meiri þörf sem nemendur höfðu fyrir ráðgjöf (námsval, vinnubrögð, persónuleg) því minni skuldbinding
- Kristjana Stella Blöndal og Bjarney Sif Ægisdóttir (2013). Óákveðni nemenda við námsval í framhaldsskóla og skuldbinding þeirra gagnvart námi og skóla. *Netla*.

Námsval 16 ára nemenda í framhaldsskóla

	2000		2005		2009	
	Strákar	Stelpur	Strákar	Stelpur	Strákar	Stelpur
	%	%	%	%	%	%
Bóknám	71	81	74	86	80	88
Verknám	29	19	26	14	20	12

Hvað er hægt að gera til að draga úr brotthvarfi?

- Því fyrr sem unnt er að bera kennsl á nemendur í brotthvarfshættu því meiri líkur á árangri
- Nemendur í brotthvarfshættu eru fjölbreyttur hópur og því þarf að sníða forvarnir og inngrip með tilliti til mismunandi þarfa hópsins
- Mælt með að beina sjónum bæði að áhættuþáttum og verndandi þáttum hjá einstaklingnum, fjölskyldunni, skólanum og jafnvel í samfélaginu

PPS Heildstæð, kerfisbundin nálgun



Leiðir til að auka skuldbindingu nemenda

Greinandi aðferðir	Greina umfang brotthvarfs í skólanum Skilgreina nemendur í brotthvarfshættu
Inngrip	Félagslegur stuðningur (mentor/ jafningjakerfi) til að ýta undir skuldbindingu nemenda námslega og félagslega Stuðningur við nám, eftirfylgni, “sérkennsla” (alternative programs) Stuðla að persónu og félaglegum þroska
Forvarnir	Fagþróun kennara Persónulegt námsumhverfi Náms- og starfsráðgjöf Félagslegur stuðningur til að ýta undir félagslega aðlögun Stuðla að þátttöku foreldra

Dynarski og fél (2008), http://ies.ed.gov/ncee/wwc/
White og Kelly (2010)

Greinandi aðferðir, skimun (diagnostic)

- Skilgreina vandann bæði í skólanum og út frá áhættuhópi nemenda
- Skólinn: hve mikill er vandinn í skólanum?
  - Gagnagrunnar, tíðni brotthvarfs, hvar stendur tiltekinn skóli miðað við aðra skóla
- Hvaða nemendur eru í áhættuhópi?

Könnun á námsumhverfi framhaldsskólanema

HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGS- OG MANNVÍSINDADEILD

Þróun íslenska listans 2012/ 2013

- Byggt á norska listanum sem hefur verið í þróun síðustu ár sem hefur tekið breytingum m.a. vegna ábendinga frá náms- og starfsráðgjöfum
- Byggt á niðurstöðum úr fyrirlögn á Íslandi í 17 framhaldsskólum 2013
- Byggt á nýlegum rannsóknum
  - Óvissa um námsval / stuðningur foreldra
- Kannaðir próffræðilegir eiginleikar
  - Koma sambærilegir þættir fram? Þáttagreining
- Niðurstöður fyrirlagnar nú verða notaðar til áframhaldandi þróunar

Niðurstöður skimunarprófsins

- Upplýsingar um fjölda áhættuþátta fyrir alla nemendur
- Skilgreinir nemendur í áhættuhópi

Myndræn framsetning:

- Prófíll árgangsins, styrkleikar og veikleikar
- Prófíll nemanda, styrkleikar og veikleikar
- Skýrsla nemanda

- Handbók um notkun prófsins fyrir ráðgjafa – á vef skimunarprófsins

Reynsla náms- og starfsráðgjafa

- Finna aðra nemendur í áhættu en venjulega
- Sjá fram á aðra nýtingarmöguleika – til framtíðarnotkunar í vinnu með nemendum
  - “hefur eitthvað breyst frá því þú tókst könnunina í fyrra?”
- Heildstæðari náms- og starfsráðgjöf
- Vinna með foreldrum
- Nýtist líka í viðtölum við nemendur sem ekki eru í brotthvarfshættu

Meginþemu

- Skuldbinding gagnvart námi og skóla
- Fyrri reynsla af skólagöngu
- Fjölskyldan
- Vinir

Stúdía - Námsnetið - MySchool - Mozilla Firefox

File Edit View History Bookmarks Tools Help

Stúdía - Námsnetið - MySchool

https://www.namsnet.is/jon/?Page=Admin&ID=24&Tab=&View=12

YouTube home | Facebook | watch online taggart -... | California Dropout Re... | Web of Science | https://www.namsnet... | Fróðleiksmolar | Tilboð | Landsbókasafn Ísland...

Niðurstaða áhættu



A. Skuldbinding nemenda gagnvart námi og skóla
1. Námsleg skuldbinding (11)
2. Félagsleg skuldbinding (14)
3. Námsvenjur (15)
4. Metnaður (4)
5. Trú á eigin getu í námi (8)
6. Óvissa með námsval (7)

B. Fyrri reynsla af skólagöngu
7. Skólahegðun (12)
8. Fyrri námsárangur (12)
9. Námserfiðleikar (10)

C. Fjölskyldan
10. Stuðningur foreldra (18)
11. Eftirfylgni foreldra (8)
12. Hvatning móður í námi (9)
13. Hvatning föður í námi (30)
14. Bakgrunnur nemenda (18)

D. Vinir
15. Skuldbinding vina til náms og skóla (10)

Niðurstöður nemenda

Kristjana Stella Blöndal, University of Iceland, email: kb(x)hi.is - © 1998-2011

start | Þjáfun... | Starfs... | Námsk... | Starfs... | RD að... | Stúdía... | Docum... | 98% | 00:14


Nemandi ekki í áhættu á neinum þætti
Skuldbinding vina til náms og skóla
Hvatning föður í námi
Hvatning móður í námi
Eftirfylgni foreldra
Stuðningur foreldra
Námserfiðleikar
Fyrri námsárangur
Skólahegðun
Vissa með námsval
Trú á eigin getu í námi
Metnaður
Námsvenjur
Félagsleg skuldbinding
Námsleg skuldbinding
0
10
20
30
40
50
60
70
80


Meðalnemandi
Skuldbinding vina til náms og skóla
Hvatning föður í námi
Hvatning móður í námi
Eftirfylgni foreldra
Stuðningur foreldra
Námserfiðleikar
Fyrri námsárangur
Skólahegðun
Vissa með námsval
Trú á eigin getu í námi
Metnaður
Námsvenjur
Félagsleg skuldbinding
Námsleg skuldbinding
0
10
20
30
40
50
60
70


Nemandi í frekar milli hættu
Skuldbinding vina til náms og skóla
Hvatning föður í námi
Hvatning móður í námi
Eftirfylgni foreldra
Stuðningur foreldra
Námserfiðleikar
Fyrri námsárangur
Skólahegðun
Vissa með námsval
Trú á eigin getu í námi
Metnaður
Námsvenjur
Félagsleg skuldbinding
Námsleg skuldbinding
0
10
20
30
40
50
60
70

Skuldbinding gagnvart námi og skóla

- Námsleg skuldbinding
  - Mér líkar vel námið sem ég er í nú
  - Mér finnst námið oft tilgangslaust
- Félagsleg skuldbinding
  - Ég hlakka oft til að hitta félaga mína í skólanum
  - Mér finnst yfirleitt auðvelt að tala við kennarana mína
- Námsvenjur
  - Ég er skipulögð/skipulagður í námi
  - Ég fresta yfirleitt verkefnum fram á síðustu stundu

Skuldbinding gagnvart námi og skóla (2)

- Metnaður í námi
  - Mér finnst mikilvægt að standa mig vel í skóla;
  - Mér finnst mikilvægt að ljúka einhverju námi
- Trú á eigin getu í námi
  - Ég hef trú á því að ég geti ráðið við námið sem ég er í
  - Leggðu mat á hversu góður eða lélegur nemandi þú ert á kvarðanum 0-10
- Óvissa með námsval
  - Mér þótti erfitt að ákveða hvaða braut/deild ég ætti að velja í framhaldsskóla;
  - Ég er sannfærð(ur) um að ég hafi valið rétta námsbraut

Fyrri reynsla af skólagöngu

- Skólahegðun
  - Síðast þegar ég var í skóla lærði ég yfirleitt heima
  - Gekk mér illa í samskiptum við kennarana mína
- Fyrri námsárangur
  - Á hvaða bili var einkunnin þín á samræmda prófinu í:
  - íslensku; stærðfræði
- Námserfiðleikar
  - Hefur þú einhvern tímann átt í námserfiðleikum í:
  - Lestri; íslensku; stærðfræði

Fjölskyldan

- Stuðningur foreldra
  - Hún/ hann hvetur mig til að gera mitt besta í öllu sem ég tek mér fyrir hendur
  - Hún/hann skilur mig vel
- Eftirfylgni foreldra
  - Foreldrar mínir vita hvar ég er um helgar
  - Foreldrar mínir hitta vini mína/vinkonur mínar

Fjölskyldan (2)

- Hvatning móður í námi/Hvatning föður í námi
  - Hann/ hún hvetur mig til að standa mig vel í námi
  - Hann/ hún fylgist vel með hvernig mér gengur í skóla
- Bakgrunnur nemenda
  - Menntun foreldra
  - Átt þú systkini sem hafa hætt í framhaldsskóla?
  - Er íslenska móðurmál þitt?

Vinir

- Skuldbinding vina til náms og skóla
  - Bestu vinir mínir eru með lélega mætingu í skólann
  - Bestu vinu mínum finnst mikilvægt að standa sig vel í skóla